

Ölvunarakstur á Íslandi

Ágúst Mogensen

Markmið rannsóknarinnar er að greina hvernig fólk tekur þá ákvörðun að aka ölvað, þ.e.a.s. að skoða þá þætti sem fólk tekur tillit til áður en það sest undir stýri undir áhrifum áfengis. Rannsóknarspurning verkefnisins er þessi:

Hvaða spurninga spyr fólk sig áður en það tekur ákvörðun um að aka ölvað ?

Ölvunarakstur hefur verið rannsakaður töluvert af erlendum fræðimönnum, sér í lagi tengsl ölvunaraksturs og bakgrunnspátta s.s. kyns, aldurs, áfengisneyslu, annarar frávíkshæðunar og persónuleikabátta, það sem kalla mætti lýsingu á einkennum hins dæmigerða einstaklings sem ekur ölvaður. Því hefur verið haldið fram að brýnasta verkefni þeirra sem sinna forvörnum gegn ölvunarakstri sé að nálgast þá einstaklinga sem drekka mest og má segja að eigi við áfengisvandamál að stríða. Rannsóknir hafa sýnt að milli 20-50% þeirra sem aka ölvaðir og valda slysum, séu áfengissjúklingar.

Þetta sjónarhorn á ölvunarakstursvandamálið er gagnlegt til að benda á þann hóp fólks sem líklegastur er til að aka undir áhrifum áfengis, en er ekkert sérlega gagnlegt til að svara þeirri spurningu *af hverju ekur fólk ölvað?* Lýsing á geranda er ekki ástæða þess að hann kaus að gera eitthvað.

Fólk ekur ekki alltaf eftir að hafa neitt áfengis, hvort sem um er að ræða áfengissjúklinga eða aðra neytendur áfengis. Því vaknar spurning um hvers vegna fólk ekur ölvað í tiltekin skipti en ekki önnur. Hvaða hugsunarferli á sér stað og til hvaða þátta tekur fólk tillit við ákvörðunartökuna? Hugsar það um hvort það verði tekið af lögreglu? Hugsar það um hvort það lendir í slysi? Vegur það og metur kosti og galla? Eða ekur það af stað án undirbúnings eða í hugsunarleysi? Kenningarlegur grunnur sem að verkefnið fylgir notar til leiðbeiningar er leiddur af “rational choice theory” (skynsemiskenningin/skynsamleg ákvörðun). Leitast er eftir að greina þær spurningar sem einstaklingar spyrja sjálfa sig, áður en þeir aka ölvaðir, ef einhverjar eru og greina á hverskonar mati þær byggja. Í forvarnarstarfi gegn ölvunarakstri er forsendan sú að einstaklingurinn sé skynsamur og forðist hugsanlegar neikvæðar afleiðingar gjörða sinna. Það er forvitnilegt að kanna hvort sú er raunin.

Í rannsókninni er beitt djúp viðtölum við 50 einstaklinga sem hafa verið teknir grunaðir um ölvunarakstur, sumarið og haustið 2003, á lögreglustöðinni á Selfossi, Læknavaktinni í Kópavogi og Lögreglustöðinni í Reykjavík. Gagnaöflun rannsóknarinnar er á lokastigi.

Með því að greina ölvunarakstur með þessum hætti er verið að nálgast vandamálið á annan hátt en áður. Þá hafa fræðimenn ekki gert tilraun til þess að taka viðtöl við þá sem hafa verið teknir fyrir ölvunarakstur svo skömmu eftir að atburðurinn átt sér stað.